

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 127/2002**

**frá 27. september 2002**

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 137/2001 frá 23. nóvember 2001 <sup>(1)</sup>.
- 2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/148/EB frá 21. febrúar 2001 um beitingu e-liðar 3. mgr. 3. gr. í tilskipun 1999/5/EB gagnvart ýlum (neyðarsendum/móttökurum í flóðum) <sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 4zzj (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/299/EB) í XVIII. kafla II. viðauka við samninginn:

4zzk. **32001 D 0148:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/148/EB frá 21. febrúar 2001 um beitingu e-liðar 3. mgr. 3. gr. í tilskipun 1999/5/EB gagnvart ýlum (neyðarsendum/móttökurum í flóðum) (Stjtið. EB L 55, 24.2.2001, bls. 65).“

*2. gr.*

Texti ákvörðunar 2001/148/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 22, 24.1.2002, bls. 28 og EES-viðbæti við Stjtið. EB nr. 6, 24.1.2002, bls. 20.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 55, 24.2.2001, bls. 65.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 28. september 2002, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 27. september 2002.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar  
Formaður*

*Gunnar Snorri Gunnarsson*

*Ritarar  
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

*P.K. Mannes    M. Brinkmann*

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.